

Símenntun á Vesturlandi

124. stjórnarfundur Símenntunar verður haldinn þriðjudaginn 27.02.2024, kl. 11:00 á Teams.

Mætt: Anna Jóna Kristjánsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Jóhanna María Sigmundsdóttir. Silja Eyrún

Steingrímsdóttir boðaði forföll. Guðrún Vala Elísdóttir framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Starfsáætlun fyrir 2024 lögð fram. Framkvæmdastjóri fór ítarlega yfir hvern þátt en unnið er áfram að verkefnum tengdum fyrirtækjaþjónstu og stofnunum „fræðslustjóra að láni/til leigu“ og raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf. Stefnt er að stærri námsleiðum, tómstundanámskeiðum og styttri hagnýtari námskeiðum. Styrkir hafa fengist til að koma á fót „Fjölmenningskóla Vesturlands“ þar sem áherslan er á inngildingunni og valdeflingu með ýmsum nýjum verkefnum auk þess sem mikil áhersla er lögð á íslenskukennslu og fjölmenningsfærni námskeiðum. Áfram verður unnið með Velferðarskólann (nám fyrir starfsfólk í umönnunarstörfum), námskeið fyrir fólk með fötlun, unnið að gæða- og mannauðsmálum o.fl. Stjórn þakkaði fyrir vel unna og greinargóða áætlun og samþykkti samhljóða. Starfsáætlun verður sett á vef Símenntunar.

2. Fjárhagsáætlun fyrir 2024 lögð fram. Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun lið fyrir lið. Gert er ráð fyrir tekjum upp á 182.023.922 kr. en útgjöldum að krónum 178.529952. Í tekjum er gert ráð fyrir styrkjum vegna sérverkefna, auknum tekjum vegna erlendra verkefna, aukinni sölu á námskeiðum, aukinni fyrirtækjaþjónustu o.fl. Í útgjöldum er fyrir séð að húsaleiga verður talsvert hærri, markaðs og launakostnaður eykst. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

3. Aðalfundur 2024 verður haldinn 20. mars að Hótel Hamri. Uppgjöri að mestu leyti lokið og verður nánar kynnt stjórn síðar. Rætt um skipulag aðalfundar og hverjir séu kjörgengir. Skv. skipulagsskrá „gildir einfaldur meirihluti og hver stofnaðili hefur eitt atkvæði“. Framkvæmdastjóra falið að auglýsa aðalfund og koma upplýsingum til allra stofnaðila.

4. Staða verkefna. Framkvæmdastjóri veitti nánari upplýsingar um verkefnastöðu Símenntunar. Margt er í gangi m.a. þrjár námsleiðir FA, fjögur íslenskunámskeið og fleiri í að hefjast. Fræðslustjóri að láni/til leigu, námskeið fyrir fatlaða, námskeið fyrir almenning, Velferðarverkefni, Fjölmenningarverkefni, fjarpróf, ráðgjöf, raunfærnimat, erlend þróunarverkefni o.fl.

5. Starfsmannamál. Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir lauk störfum um áramót og í hennar stað var ráðin Jovana Pavlovic sem tekur jafnfram við sem

fjölmeningarfulltrúi. Með auknum verkefnum fer Jovana í fullt starf frá og með 1.mars. Stöðugildi verða þá 5,40. Framkvæmdastjóri ítrekaði að þrátt fyrir skýra verkaskiptingu og ábyrgð hvers og eins starfsmanns, vinna allir saman í teyrum og leysa verkefni saman eftir því sem þarf

6. Önnur mál. Framkvæmdastjóri sagði frá vinnu að lógói fyrir

Fjölmeningarskólann og hugmynd að markaðssetningu. Ekki fleiri mál á dagskrá, formaður þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi.

Undirritunarsíða

Sæl öll - það átti eftir að undirrita þessa fun...¹⁾
Guðrún Vala Elísdóttir

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Björn Bjarki Þorsteinsson

Anna Jóna Kristjánsdóttir

Silja Eyrún Steingrímsdóttir

Jóhanna María Sigmundsdóttir

1) Sæl öll - það átti eftir að undirrita þessa fundargerð af fráfarandi stjórn.